





**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1993

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming, are checked below.

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

Coloured covers/
Couverture de couleur

Coloured pages/
Pages de couleur

Covers damaged/
Couverture endommagée

Pages damaged/
Pages endommagées

Covers restored and/or laminated/
Couverture restaurée et/ou pelliculée

Pages restored and/or laminated/
Pages restaurées et/ou pelliculées

Cover title missing/
Le titre de couverture manque

Pages discoloured, stained or foxed/
Pages décolorées, tachetées ou piquées

Coloured maps/
Cartes géographiques en couleur

Pages detached/
Pages détachés

Coloured ink (i.e. other than blue or black)/
Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)

Showthrough/
Transparence

Coloured plates and/or illustrations/
Planches et/ou illustrations en couleur

Quality of print varies/
Qualité inégale de l'impression

Bound with other material/
Relié avec d'autres documents

Continuous pagination/
Pagination continue

Tight binding may cause shadows or distortion along interior margin/
La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la distorsion le long de la marge intérieure

Includes index(es)/
Comprend un (des) index

Title on header taken from:/
Le titre de l'en-tête provient:

Blank leaves added during restoration may appear within the text. Whenever possible, these have been omitted from filming/
Il se peut que certaines pages blanches ajoutées lors d'une restauration apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont pas été filmées.

Title page of issue/
Page de titre de la livraison

Caption of issue/
Titre de départ de la livraison

Masthead/
Générique (périodiques) de la livraison

Additional comments:/ Text in Icelandic.
Commentaires supplémentaires:

This item is filmed at the reduction ratio checked below/
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10X	12X	14X	16X	18X	20X	22X	24X	26X	28X	30X	32X
					/						

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:



University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol \rightarrow (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole \rightarrow signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.

Handwritten text, possibly a page number or date, located in the upper right corner of the page.

KATEKISMUS UNITARA.

EPTIR

Rev. M. J. SAVAGE.

Endurbætt útgáfa.

—:0:—

Dýtt hefur

BJÖRN PJETURSSON.

Heimurinn frelsast fyrir
í anda skólabarnanna.
Talmud.

Arnþótur B. Olsen

THE UNIVERSITY OF MANITOBA
LIBRARY

WINNIPEG,

PRENTAD I PRENTSMIDJU *HEIMSKRINGLU,*

1891. ✓

li
li
h
N
a
J.
D
U
m
pe
he
B
p
un
la
h
V
a
og
in
fr

Arnliotur B. Olson

FORMALI.

-:0:-

Allir hugsandi menn, hvort heldur orpodox eður liberal, finna til þarfarinnar á því, að hafa einhverja hentuga fræðibók til grundvallar fyrir barnakennslu, hvort heldur í sunnudagaskólum eður heimahúsum. Næstliðinn vetur pantaði eg því nokkur eintök af „Unitarian Catechism” (endurskoðuð útgáfa eftir M. J. Savage, einn af hinum merkustu Unitara prestum). Dessi útgáfa er nú almennt brúkuð við barnakennslu í Unitara-söfnuðum og þykir einkar vel til fallin. Og með því að allir þeir af löndum mínum, sem sjeð hafa þetta fræðikver, ljúka upp um það sama munni, þá hefi eg fengið styrk hjá A. U. A. (Unitara-fjel. í Boston) til að láta prenta það í íslenskri þýðing. Í þessu kveri eru fram tekin aðal-sannindin í trúarlegum og siðferðilegum efnum, og reynt til að gera úrlausn þeirra helztu, dýpstu spurninga, sem hver einasti hugsandi maður hlýtur að leggja fyrir sjálfan sig. Vitaskuld er ekki mögulegt í svona lítilli bók nema að eins að drepa á helztu atriðin í svo margbreyttu og yfirgrípsniklu efni. Dess vegna ætlast höfundurinn til, að kennarinn gefi unglíngunum *munlega* frekari útskýringar, og svo að þeir sjálfir hugsi og

leiti sjer nákvæmari þekkingar í þessum og öllum öðrum efnum, er mannlífð mest varða, þegar þeir eru komnir til vits og ára. Eg vona, að landar mínir taki þessu barnakveri eins vel og það á skilið, og óska, að það geri ungum og gömlum allt það ómetanlega gagn sem af því má hafa.

Björn Pjetursson.

ba
va
og
ur
fyr
far
hjá
sen
hug
my
uru
s. f
ana
páð
sjer
ig
trúa
sam

Arnþjótur B. Ólson

I.

TRÚARBOGD.

1. Spurning: Hve gömul eru trúarbrögðin?

Svar: Jafngömul mannum.

2. Sp.: Hvað eru trúarbrögð?

Sv.: Tilraun mannsins til að komast í rjett samband við guð.

2. Sp.: Skýr og ákveð, hvað trúarbrögð eru.

Sv.: Umhverfis sig verður maðurinn hvervetna var við, að öfl, sem hann skilur ekki, umkringja hann, og svo (1.) fer hann að búa sjer til einhverja hugmynd um þau, eða hugsu sjer' lögmaðl þeirra, til að skýra fyrir sjer öfl þessi og samband sitt við þau. (2.) Samfara hugsunum hans, og samkvæmt þeim, breyfa sjer hjá honum ýmsar tilfinningar og geðshræringar, svo sem skelfing, ótti, lotning, elska. (3.) Það er eðli hugsana hans og tilfinninga, að klæðast líkamlegri mynd, eður koma fram í ytra búningi; því eru til ölturu, musteri, kyrkjur, fórnir, ritningar, bæuir, sálmar og s. frv. og fer eðli þessara hluta ávalt eptir eðli hugsananna og tilfinninganna. Maðurinn reynir að gera það, sem hann hyggur, að guð vilji að hann geri, eða sjerhvað það, sem geri hann guði þóknanlegan. Dannig sjáum vjer (eins og vjer sögðum í öðru svarinu), að trúarbrögð eru tilraun mannsins til að komast í rjett samband við guð.

4. Sp. Hví hafa myndazt svo mörg trúarbrögð?

Sv.: Af því að menn hafa hugsað svo ólíkt um

heiminn og hans dularfullu öfl, og þýtt þetta á ýmsa vegu.

5. Sp.: Hafa öll trúarbrögð nema kristna trúin verið villa?

Sv.: Nei, engin algerlega villa.

6. Sp.: Er trú kristinna manna alsönn?

Sv.: Nei; samt bezt og æðst allra trúarbragða, og þó í mörgu ábótavant enn.

7. Sp.: Hvaða trú mundi þá vera fullkomin?

Sv.: Sú, sem kennir fullkominn sannleika og kemur fullkomlega fram í lífverni manna.

8. Sp.: Hvenær getum vjer vonast eftir því líkum trúarbrögðum?

Sv.: Ekki fyrr en menn verða fullkomnir að þekkingu og hegðan.

9. Sp.: Hvernig má skipta trúarbrögðum?

Sv.: Í tvo flokka, fjölgyðistrú og eingyðistrú.

10. Sp.: Hvað skilja menn við fjölgyðistrú og eingyðistrú?

Sv.: Fjölgyðismenn trúa á fleiri en einn guð; eingyðismenn trúa á einn guð að eins.

11. Sp.: Eru til nokkur eingyðis-trúarbrögð nema kristna trúin?

Sv.: Já, tvö önnur: Gyðingatrú og Múhameds-trú.

12. Sp.: Hvi hafa menn trúað á marga guði?

Sv.: Af því að þeir skoðuðu sól, eldingar og ótal aðra náttúru-krapta sem sjerstök yfirnáttúrleg öfl eða

verur. Þeir tóku líka í guðatölu dánar hetjur og forfedur.

13. Hvers vegna gerðu menn sjer þvílíkar hugmyndir?

Sv.: Af því menn þekktu ekki, að náttúru-öflin eru opiðberun eins allsherjar kraptar.

14. Sp. Hví erum vjer eingyðismenn?

Sv.: Af því vjer höfum lært að þekkja einingu hlutanna, og vitum, að til er að eins einu kraptur og eitt lögmál í alheimi.

15. Sp.: Getur maðurinn látið vera að trúá?

Sv.: Já, að nokkru leyti; hann getur haft óbeit á öllum trúarbrögðum og verið mótstöðumaður þeirra, en samt getur hann ekki um flúið þann sannleika, að hann er í eðli sínu trúuð vera.

16. Sp.: Og hvað eigum vjer við með því?

Sv.: Vjer höfum sjöð (í 3. svarinu), að maðurinn er, og hlýtur að vera, á einhvern hátt í sambandi við guð, hvort sem hann er sjer þess meðvitandi eða ekki.

17. Sp. Eru þá trúarbrögð nauðsynleg?

Sv.: Nauðsynlegust allra hluta.

18. Sp.: Hvers vegna?

Sv.: Af því að á þekkingunni á því valdi, sem opiðberast í heiminum í kringum oss, og í sjálfum oss, og á réttu sambandi við það, hvílir líf vort og heilsa, heill og hamingja.

19. Sp.: Gerir það nokkurn mismun, hvaða trú maður hefir?

Sv.: Það gerir afar-mikinn mismun.

20. Sp.: Hvers vegna?

Sv.: Af því öll hegðan fyrst og síðast stafar af grundvallarskóðunum. Ef því einhver hefir rangar hugsanir og tilfinningar, getur breytni sú, sem af því sprettur, ekki verið rjett.

21. Sp.: Hversu fer, ef maður breytir rangt?

Sv.: Þá fer maður á mis við hina ædstu vellíðan og sælu. Ef maður á sjóferðum hefir ranga hugmynd um siglingafræði, er hætt við að hann nái ekki rjetttri höfn. Á sama hátt fer það í öllum lífs-athöfnum mannsins.

22. Sp.: Hvað er mest árfðandi í trú manna?

Sv.: Að hafa rjettar hugmyndir um guð og menn, og hafa rjettar tilfinningar.

23. Sp.: Hvers vegna?

Sv.: Af því þær leiða mann til rjettrar breytni og setja mann í rjett samband við guð.

24. Sp.: Eru trúarlegir helgisíðir og stofnanir árfðandi?

Sv.: Já; en hvortveggja eru ávextir af trúarbrögðunum, enn ekki orsakir þeirra; verður því að vera rjett skilið og rjett brúkað.

25. Sp.: En er þá þetta nokkurn tíma skaðlegt?

Sv.: Já; þegar það hindrar vöxt hins rjetta andlega lífs, eða kemur í þess stað.

26. Sp.: Skýr þetta með dæmi?

Sv.: Að eins þeir trúarsíðir gera gagn, sem glæða

og auka hið andlega líf. Skyldi maður nú leyfa sjer að lifa illa og óráðvandlega, og rætla sjer að bæta það upp með kyrkjugöngum, bænum eða bibluflestri, þá geta þessir góðu hlutir orðið honum að illu.

27. Sp.: Hvaða trúarsíðir og stofnanir eru þá góðar?

Sv.: Þær sem í sannleika vitna um, og hjálpa áfram hinu rjetta trúarlífi voru.

28. Sp.: Hvað er kjarni sanura trúarbragða að voru álitni nú á dögum?

Sv.: Elska til guðs og manna.

29. Sp.: Hvers vegna?

Sv.: Vegna þess, að ef elska til guðs og manna á sjer stað, þá verða trúarsíðir manna og stofnanir samsvarandi, og hið illa hverfur.

30. Sp.: Sje nú einhver sannur trúamaður, hvaða ávöxt ber það þá fyrir líf hans?

Sv.: Í borgaralegu fjelagslífi, á heimilinu og hvervetna, reynir hann að koma fram til góðs, láta öllum gott af sjer leiða.

II.

GUD.

1. Sp.: Hafa menn ávalt trúað á guð?

Sv.: Ekki á sama hátt og vjer trúum nú. En menn hafa ávalt trúað á tilveru einhvers ósýnilegs eða andlegs valds.

2. Sp.: Hvað hafa menn þá dýrkað sem guði?

Sv.: Þeir hafa fyrr og síðar dýrkað nálæga alla

hluti: sól, tungl, stjörnur, vötn, trje og ýmsar lifandi skepnur.

3. Sp.: Hafa menn sannarlega hugsað, að þessir hlutir væru guðir?

Sv.: Ef til vill, þeir fáfróðu; en þeir, sem greindari voru, skoðuðu þessa hluti eins og ímynd eða aðsetursstað gudanna.

4. Sp.: Var nokkar snefill af sannleika í þessu?

Sv.: Já; því að þann dag í dag trúum vjer, að allir hlutir sjæu opinberanir af hinum eina ótakmarkaða anda og lífi.

5. Sp.: Höfðu allar forþjóðir sömu trú í þessu efni?

Sv.: Nei; ýmislegar þjóðir og ættkvíslir höfðu og mismunandi trúarskóðanir og ólíka guði.

6. Sp.: Álitu þær að guðum þessum kæmi vel saman?

Sv.: Nei; guðirnir hötuðu hver annan jafn-biturt og þjóðirnar gerðu hver aðra.

7. Sv.: Trúðu menn að allir þessir guðir væru góðir?

Sv.: Nei; þeir voru eins mismunandi að skapferli og lyndiseinkunum, eins og mennirnir, sem dýrkðu þá.

8. Sp.: Hvað hjeldu menn að guðir þessir hefðu fyrir stafni?

Sv.: Af því þeir vissu ekkert um niðurröðun í náttúrunni, þá eignuðu menn einhverjum guði sínum

hvern viðburð; allt það sem gott var, þökkudu þeir góðu guðunum; en það sem illt var, kenndu þeir illum öndum, eða þá reiði góðu guðanna.

9. Sp.: Tignuðn menn einungis góðu guðina.

Sv.: Nei; menn tilbáðu líka og færðu fórnir illum öndum fyrir ótta sakir, til þess að kaupa af sjer fjandskap þeirra

10. Sp.: Hvernig kom upp trúin á illa anda?

Sv.: Menn voru að reyva til, að gera sjer grein fyrir, hvernig stæði á þjáningum og dauða.

11. Sp.: Er þetta nægileg skýring um uppruna vondu guðanna?

Sv.:; Nei; þegar ein þjóðin sigraði aðra, hjeldu menn að þeir hefðu líka sigrað guði hennar, og ekki var búizt við öðru en hatri og illu einu af þessum sigruðu guðum, og því voru þeir álitnir vondir andar.

12. Sp.: Trúðu menn á þeim dögum á nokkurn höfðingja allra illra anda, eða Djöful, líkt og sumir gera nú á dögum?

Sv.: Nei; sú hugmynd kom upp miklu síðar.

13. Sp.: Hvernig hefur myndazt trúin á einu guð?

Sv.: Fyrst hjeldu menn, að þeir ættu að tigna að eins einn guð, þó þeir ekki efudust um tilveru annara guða; því næst komust menn á þá trú, að þeirra guð væri sá eini sanni guð.

14. Sp.: Hvaða þjóð varð fyrst til þess, að trúá á einu guð?

Sv.: Gyðingar, nokkur hundruð árum fyrir Krists burð.

15. Sp.: Höfðu þeir þá sömu hugmynd um hinn eina guð eins og vjer höfum nú?

Sv.: Nei; hún var hvorki eins andleg nje göfug.

16. Sp.: Hvar hjeldu Gyðingar, að sinn guð hefði aðsetur?

Sv.: Á himnum, sem þeir hjeldu að væri rjett fyrir ofan hið sýnilega lopthvolf.

17. Sp.: Hvaða hngmynd gerðu þeir sjer um hið sýnilega lopthvolf?

Sv.: Gamla testamentið talar um það eins og fasta hvelfingu eða festingu, og þar upp yfir annan himin, þar sem guð sæti í sínu háseti, unkringdur af englahirð sinni.

18. Sp.: Hjeldu Gyðingar, að guð væri sýnileg vera?

Sv.: Já; og að hann hefði stundum birzt mönnum hjer á jörðunni.

19. Sp.: Hvar hjeldu þeir að guð bæri að tilbiðjast?

Sv.: Einkanlega var Jerúsalems musteri sá helgi staður, sem þeir hugðu guð sjer í lagi mundi birta nálægð sína á.

20. Sp.: Hvað kenndi Jesús um þetta efni?

Sv.: Hann kenndi, að guð væri andi, og alstadar nálægur þeim sem tilbæðu hann í anda og sannleika.

21. Sp.: Hvernig hafa menn hugsað sjer guð síðan á Jesú dögum?

Sv.: Venjulega hafa menn hugsað sjer hann í mannsmynd, sitjandi einhverstaðar í háseti.

22. Sp.: Getum vjer nú hugsað oss guð á þennan hátt?

Sv.: Nei. Síðan menn lærðu að þekkja eðli alheims, geta menn ekki lengur hugsað sjer guð í líkamlegri mynd.

23. Sp.: Hvar er þá guð?

Sv.: Hann er alstaðar.

24. Sp.: Hvernig getum vjer þá hugsað oss hann?

Sv.: Eins og líf, anda eða sál alheimsins.

25. Sp.: Er þetta ekki algyðistrú?

Sv.: Nei; algyðistrúin kennir, að allir hlutir sjeu guð; en þessi trú, að guð sje alstaðar í öllum hlutum, og því lífið í öllu.

26. Sp.: Verður þetta skýrt nokkuð betur?

Sv.: Já; vjer getum hugsað oss sambandið milli guðs og alheimsins, á líkan hátt eins og sambandið milli sálar og líkama mannsins.

27. Sp.: Og hvar er þá sálin í líkamanum?

Sv.: Alstaðar.

28. Sp.: Munum vjer nokkurn tíma sjá guð?

Sv.: Einungis eins og vjer sjáum hann nú opinberaðan í alheimslífinu.

29. Sp.: Er þetta veruleg sjón á guði?

Sv.: Já; vjer sjáum hann eins sannarlega og vjer sjáum einhvern vin vorn. Enginn maður hefur nokkurn tíma sjeð sálina; vjer sjáum að eins opinberun henn-

ar í hreyfingum líkamans. Alveg á sama hátt sjáum vjer guð opinberast í hinum ytra heimi.

30. Sp.: Getum vjer skoðað guð sem persónu?

Sv.: Já; en ekki á sama hátt og vjer skoðum mann sem persónu.

31. Sp.: Og því ekki það?

Sv.: Af því vjer tengjum við persónuleika mannsins hugmyndina um upphaf og endi, og um vera í líkamlegri mynd.

32. Sp.: Í hverju er persónuleg tilvera fólgin?

Sv.: Einkanlega í sjálfsmeðvitund, og í þessum æðsta skilningi trúum vjer, að guð sje persóna.

33. Sp.: Megum vjer skoða guð sem föður vorn?

Sv.: Já; vjer sem iakmarkaðir andar, erum samt börn hins ótakmarkaða anda.

34. Sp.: Er guð oss nálægur?

Sv.: Já; nær en loptið, sem vjer ördum að oss, því að í honum lifum, hrærumst og erum vjer.

35. Sp.: Vill guð hjálpa oss?

Sv.: Hann hjálpar oss ætíð. Fyrst að öll heimsins öfl eru hans starfsemi, þá er alt, sem vjer gerum, gert með hans mætti.

36. Sp.: Er nokkur líkneskjadyrkun enn í kristindóminum?

Sv.: Já; því að líkneski af gudi má eins vel hafa í huganum, eins og gera það af steini eða trje.

37.: Sp.: Getum vjer gert oss alveg rjetta hugymnd um guð?

Sv.: Nei; því hið takmarkaða fær ekki fullskilið hið ótakmarkaða; en vjer eigum að hugsa um hann eins rjett og veglega og oss framast er unnt.

38. Sp.: Hvar verða lög guðs fundin?

Sv.: Í náttúrunni og lífsins lögmáli.

39. Sp.: Eru þau í nokkurri bók eða kyrkju?

Sv.: Nei; mörg hin svo kölluðu guðs lög eru að eins mannlegur hugarburður.

40. Sp.: Hvað eru þá hans lög?

Sv.: Hin sönnu lög lífs, gæzku og sannleika.

III. MADURINN.

1. Sp.: Hvað lengi hefur jörðin verið til?

Sv.: Líklega miljónir af árum.

2. Sp.: Hafa jafnan verið lifandi skepnur á jörðunni?

Sv.: Nei; það leið æfa-langur tími þar til jörðin var orðin nógu köld fyrir lifandi skepnur.

3. Sp.: Kom maðurinn fyrst fram á jörðunni?

Sv.: Nei; lægstu myndir lífsins komu fyrst fram í vatninu.

4. Sp.: Og hvað þar næst?

Sv.: Þar næst komu fiskar, svo skriðdýr, þá fuglar, og svo hin önnur dýr.

5. Sp.: Hvað langt er síðan maðurinn kom í ljós?

Sv.: Það er ekki unnt að segja með vissu; þeir

sem bezt eru að sjer, halda að það sjeu 150,000. og ef til vill 300,000 ár síðan.

6. Sp.: Var maðurinn sjerstaklega skapaður á þeim tíma?

Sv.: Nei; hann myndaðist eða þroskaðist út af lægri tegundum*.

7. Sp.: Var maðurinn fullkominn þegar hann kom fyrst í ljós?

Sv.: Nei; hann var lítið fremri dýrunum.

8. Sp.: Hvað mikið hefur þá maðurinn þroskzt og breytt síðan?

Sv.: Svo mikið, að hinn fullkonnasti maður nú er ólíkari fyrsta manni, en hinn fyrsti maður var hinu fullkonnasta dýri.

9. Sp.: Tráum vjer þá á „fall mannsins?“

Sv.: Nei; því að maðurinn hefur aldrei komzt á jafnhátt stig eins og nú á dögum, vjer tráum þvert á móti á upphefð mannsins.

10. Sp. Hver er þá mismunurinn?

Sv.: Mismunurinn er tvenns konar, mismunur á stigi, og mismunur á tegund.

11. Sp.: Hvað skiljum vjer við mismun á stigi?

Sv.: Menn og dýr eru skepnur, en maðurinn er æðri skepna en hver hinna.

12. Sp.: Að hverju leyti?

Sv.: Fyrst að því er til líkamans kemur; maðurinn stendur upprjettur, og hefur hendur, í stað þess að

*) Darwins kenning (sbr. Descent of Man.) Þýð.

hafa fjóra fætur, og svo hefur maðurinn miklu stærri heila.

13. Sp.: Hvað er að segja um andlegan mismun?

Sv.: Skepnurnar hugsa, álykta, þær dreymir, þær muna og sýna á margan hátt merkilegan greindarkraft. En maðurinn hefur mikla yfirburði yfir þau í öllu þessu.

14. Sp.: Hvað er átt við, þegar talað er um tegund-
ar mismun?

Sv.: Jafnvel þó maðurinn sje skepna, þá er hann þó eitthvað meira, svo að hann er af annari tegund.

15. Sp.: Skýr þetta betur.

Sv.: Hundar og hestar hafa meðvitund, en þeir hafa ekki sjálfsmeðvitund; hesturinn hugsar ekki með sjálfum sjer: jeg er hestur; og hundurinn ekki: jeg er hundur, og þannig ólíkur öðrum dýrum.

16. Sp.: Útskýr þetta enn fremur.

Sv.: Jafnvel þó að dýr geti óttast og elskað herra sinn, og jafnvel skammast sín þegar þau gera eitthvað, sem honum mislíkar, þá er engin ástæða til að álíta að þau hafi siðferðislega náttúru. Þau hafa heldur ekki trúar-náttúru, sem knýr þau til að leita guðs eins og maðurinn gerir.

17. Sp.: Er nokkur munur þeirra að öðru leyti?

Sv.: Já; maðurinn hefur hugsjón um betri kjör og um æðra líf, og hefir hæfileika til framfara; þetta hafa dýrin ekki.

18. Sp.: Hverjir eru fleiri miklir greinarmunir?

Sv.: Maðurinn getur talað og hann getur skráð og geymt hugsanir sínar og allt það er hann hefir lært

og framkvæmt. Þannig geymist þekking og gengur frá einni kynslóð til annarar.

19. Sp.: Var málfæri mannsins fundið upp?

Sv.: Að nokkru leyti var það svo, og að nokkru leyti þroskaðist það af sjálfu sjer.

20. Sp.: Hvernig var ásigkomulag hinna fyrstu manna?

Sv.: Þeir hjeldust við í skógunum, gengu naktir eins og villimenn, lifðu á berjum, hnotum, aldinum og ýmsum láðs og lagar dýrum, sem þeir gátu náð.

21. Sp.: Og hvað er meira um þá að segja?

Sv.: Þeir höfðu engin hús nje eld nje vopn eða verkfæri.

22. Sp.: Hvernig komust þeir út úr þessu ástandi?

Sv.: Þeir uppgötvuðu eldinn, og smátt og smátt lærðist þeim að búa sjer til kofa, báta, vopn og verkfæri. Þegar þeir fundu málma og þeim lærðist að bræða kopar og járn, þá tóku þeir skjóttum framförum.

23. Sp.: Eru nokkrar leifar af hinum fyrstu mönnum?

Sv.: Nei; því að lægstu villimenn nú standa á miklu hærra stigi en hinir fyrstu menn.

24. Sp.: Hvaða þjóðir komust fyrst á það stig, sem vjer köllum menningarstig?

Sv.: Hin elzta siðmenntun, er vjer þekkjum til, var í Egiptalandi og Assyrfu. En það hafa fundizt menningarleifar, mäske eins gamlar, í Mið-Ameríku og Mexico.

25. Sp.: Hvernig var háttað hinum fyrsta fjelags-
skap manna?

Sv.: Það voru þjóðflokkar, sem álitu sig bundna
ættennis-bündum.

26. Sp.: Hver þjóð varð fyrst til þess, að miða
þjóðfjelagsskap sinn við landamæri, og hvenær?

Sv.: Hinir fornu Apenumenn, undir stjórn Cleis-
penesar, hjer um 500 árum fyrir Krist.

27. Sp.: Hvernig rituðu menn fyrst?

Sv.: Fyrsta skript var mynda-letur eða hfero-
glýfur*).

28. Sp.: Hverjir brúkuðu fyrst stafróf?

Sv.: Fönikumenn.

29. Sp.: Hvað kemur til að hinum nýjari heimi
hefir fleygt svo miklu fljóttara fram, en hinum gamla?

Sv.: Uppgötvanirnar, svo sem áttavitinn, prent-
listin, púðrið, gufuvjelin, frjettapráðurinn og margt
fleira.

30. Sp.: Í hverju fleira hefir mönnum farið fram?

Sv.: Andleg og siðferðisleg framför hefir gengið
samhliða verklegum uppgötvunum.

31. Sp.: Er þá mönnum full-farið fram?

Sv.: Nei; maðurinn er nýbyrjaður að fá vald yfir
sjálfum sjer og kröptum náttúrnnar.

32. Sp.: Eptir hverju getum vjer þá vonast í fram-
tíðinni?

* Optast kallað helgi-rúnir á íslenzku. Þýð.

Sv.: Eptir því ástandi, að hungur og sóttir, lestir og glæpir fari þverrandi og verði út rýmt um síðir.

33. Sp.: Hvernig geta menn svo langt komizt?

Sv.: Með því að læra að þekkja guðs lög og hlýða þeim.

34. Sp.: Hvað er þá vor æðsta skylda?

Sv.: Að gera það litla, sem í voru valdi stendur, til að koma lífskjörum manna í þetta horf.

35. Sp.: Er maðurinn skapaður í guðs mynd?

Sv.: Já; ef það væri ekki, þá gæti maður hvorki þekkt guð nje elskað hann nje þjónað honum.

36. Sp.: Hvað skiljum vjer við það, er vjer segjum að maðurinn sje í guðs mynd?

Sv.: Að hann sje guðs barn, og því líkur honum að greind, siðferði og anda.

37. Sp.: Hvernig ætti þá líf mannsins að vera?

Sv.: Það ætti að vera í líking til guðs, einlægt að verða sannara og göfugra.

38. Sp.: Er slíkt líf mannum eðlilegt?

Sv.: Það er hið eina líf, sem manni er eðlilegt og þannig alveg samboðið hæfileikum hans.

IV.

UM BIBLIUNA

1. Sp.: Hvað er biblían?

Sv.: Það er nafn, sem gefið er bókum nýja og gamla testamentisins, þegar við þær er átt í heild sinni.

2. Sp.: Hvaðan er komið orðið „biblíá“?

Sv.: Frá grísku. Fyrst var talað um bækurnar sem τῶν βιβλίων bækurnar, og síðan sem τὰ βιβλία bókinna.

3. Sp.: Hvað eru þessar bækur?

Sv.: Þær ná yfir þau helztu trúarrit Ebraa og kristinna manna á fyrstu öldum.

4. Sp.: Hvers vegna eru þær allar saman í einu bindi (eður bók)?

Sv.: Til hægðar, og sökum þess menn hafa haldið að þær væru allar ein opinberun.

5. Sp.: Hvað kemur til, að þeim er skipt í kapitula og vers?

Sv.: Detta hafa útgefendurnir gert, og það einungis til hægðar við tilvitnanir.

6. Sp.: Hvernig stendur á bóka nöfnunum og fyrirsögnum kapítulanna?

Sv.: Það er verk útgefandanna og hefur ekkert gildi.

7. Sp.: Hvernig stendur á ensku biblíunni?

Sv.: Henni var snúið á ensku á dögum Jakobs konungs, snemma á 17.öldinni.

8. Sp.: Af hverjum málum var henni snúið?

Sv.: Nýja testamentinu af grísku, og gamla testamentinu af ebresku, að undanteknum fáeinum málsgreinum, sem voru á kaldeisku máli.

9. Sp.: Höfðu þýðendurnir fyrir sjer frumritin rjett eins og þau voru upphaflega rituð?

Sv.: Nei, einungis eptirrit af þeim, gerð hundruðum ára síðar.

10. Sp.: Hvernig voru þessi eptirrit gerð?

Sv.: Þau voru handrit, og mörg af þeim skrifuð af gömlu múnkunum í klaustrunum.

11. Sp.: Hvernig vitum vjer, að þau hafi verið rjett eptirrit?

Sv.: Vjer vitum, að þau voru það ekki.

12. Sp.: Hverjar breytingar hafa verið gerðar?

Sv.: Skrifararnir gerðu mjög margar breytingar við eptirritunina.

13. Sp.: Hve mikils virði eru þessar breytingar?

Sv.: Yfir höfuð eru þær litilfjörlegar. En í sumum stöðum taka þær yfir heil vers eður hluta af kapitulum.

14. Sp.: Voru nokkrar af þessum breytingum gerðar með ásettu ráði?

Sv.: Það er gild ástæða til að halda svo um sumar.

15. Sp.: Tak eitthvað til dæmis.

Sv.: 1. Jóh. 5, 7, og Matt. 16, 18.

16. Sp.: Erum vjer þá vissir um að biblían sje orðrjett?

Sv.: Nei, alls ekki.

17. Sp.: Gera þessar breytingar vafasama aðal-
kenningu biblíunnar?

Sv.: Nei, því vjer vitum því sem næst, hverjar breytingar voru gerðar.

18. Sp.: Hversu margar bækur eru í biblíunni?

Sv.: 66; 39 í gamla testamentinu, og 27 í hinu nýa.

19. Sp.: Eru bækurnar í sömu röð í ensku biblíunni og þær eru í þeirri ebresku?

Sv.: Nei, röðinni hefir verið breytt.

20. Sp. Er röðin í annari hvorri miðuð við tímann, er bækurnar voru ritaðar, eða við atburðina, sem frá er sagt?

Sv.: Nei, það er ekki svo.

21. Sp.: Hvernig skiptu gyðingar bókunum?

Sv.: Í þrjú flokka: lögín, spámennina og ritningarnar.

22. Sp.: Hvað var innihald hvers um sig?

Sv.: Lögín tóku yfir 5 bækur Móises, Jósúa- og Dómara-bækurnar. Spámennirnir, yfir þær bækur, er vjer nefnum nú „spámannabækur”, og ritningarnar allt hitt.

23. Sp.: Hvað vitum vjer um höfunda þessara bóka?

Sv.: Mjög lítið. Hvað flestum þeirra við vjukur, vitum vjer ekki, hver þær ritaði, hvenær eða hvar þær voru ritaðar.

24. Sp.: Hve gamlar eru þær?

Sv.: Fáein brot af þeim voru, ef til vill, rituð 1300 árum fyrir Krists barð, en hin elzta heila bók ekki meir en 800 f. K.

25. Sp.: Hvenær var saminn sá hluti gamla testamentisins, sem seinast var ritaður?

Sv.: Nálægt 170 árum f. K.

26. Sp.: Hvaða álit höfðu Ebrear á þessum bókum?

Sv.: Þar að kom, að þeir skoðuðu þær sem innblásna og óskeikula opinberun frá guði.

27. Sp.: Voru þessar bækur þau einustu rit Gyðinga?

Sv.: Nei, mörg rit þeirra hafa glatazt.

28. Sp.: Eru til önnur, sem geymzt hafa?

Sv.: Já, til eru 14 önnur, sem kallast apokryfiskar bækur.

29. Sp., Dví eru þær ekki í biblunni?

Sv.: Vegna þess að Gyðinga þjóðin tvístraðist, áður en þær urðu nógu gamlar til þess að vera álitnar heilagar.

30. Sp.: Hafa þær nokkurn tíma verið teknar upp í bibluna?

Sv.: Já, af katólskum mönnum, og þær eru opt prentaðar á milli gamla og nýa testamentis í vorum prótestanta biblum.

31. Sp.: Eru nokkrar af þeim jafn-góðar og bækur gamla testamentisins?

Sv.: Já, fáeinar þeirra eru betri en margar þær, sem í biblunni standa.

32. Sp.: Eru til fleiri gamlar Gyðinga bækur?

Sv.: Já; Enoks bók, sem á er minnst í Júdasarbrjefi.

33. Sp. Hverjar eru jafngóðar og bækur gamla testamentisins?

Sv.: Jesú Sfraks bók og Spekinnar bók.

34. Sp.: Af hverju er nýa testamentið samsett?

Sv.: Af fjórum æfissögum Jesú, einni sögubók, 21 brjefi og einni vitranabók, er vjer köllum Opinberunarbók: 27 ritlingum alls.

35. Sp.: Hve nær voru þeir ritaðir?

Sv.: Lfklega frá hjer um bil 55 til 170 árum e. K.

37. Sp.: Er þeim raðað eptir tímatali?

Sv.: Nei, það er ekki gert.

37. Sp.: Hver ritin eru elzt?

Sv.: Dau 5 eða 6 brjef, sem Páli postula eru rjett eignuð.

38. Sp.: Hver reit hin brjefin?

Sv.: Vjer vitum það ekki, nema um Jakob.

30. Sp.: Voru guðspjöllin rituð af þeim mönnum sem þau eru kennd við?

Sv.: Nei, það voru þau ekki.

40. Sp.: Hvert er elzt?

Sv.: Markúsar.

41. Sp.: Hvernig voru þau þrjú fyrstu samin?

Sv.: Eitthvað nærri árunum 70 eða 80 e. K. voru þau samin eptir minnisblöðum (memorabilia) o. s. frv. Allt þangað til hafði sagan gengið munnlega eptir minni.

42. Sp.: Hvernig gátu menn svo lengi munað hana?

Sv.: Þá voru til menn, er kallaðir voru ketekistar eða kennarar, sem lögðu það fyrir sig að muna söguna og segja frá henni.

43. Sp.: Mundu þeir hana alveg rjetta?

Sv.: Nei; því þeir segja misjafnt frá, og mótsegja stundum hver öðrum.

44. Sp.: Hver ritaði fjórða guðspjallið?

Sv.: Litklega öldungur nokkur Jóhannes að nafni.

45. Sp. eru þessar tuttugu og sjö ritgerðir allt og sumt, sém ritað var?

Sv.: Nei; mörg önnur guðspjöll, brjef og opinberanir voru rituð.

46. Sp.: Hvað varð um þau?

Sv.: Margt glataðist, en margt er og enn geymt, og kallað hið apokryfiska nýa testamentið.

47. Sp.: Hver skar úr því, hver ritin skyldu mynda nýa testamentið?

Sv.: Almenn álit og samþykki kirknanna.

48. Sp.: Er nokkrum ritum sleppt jafngóðum þeim, sem upp voru tekin?

Sv.: Má ske einu eða tveimur.

49. Sp.: Geturðn nefnt eitt?

Sv.: Hirðiriun á Hermas. Hann var um tíma með í nýa testamentinu.

50. Sp.: Hvernig hefir kirkjan yfir höfuð skoðað biblíuna í heild sinni?

Sv.: Sem innblásna og óskrikandi opinberun frá guði.

51. Sp.: Getum vjer nú litið svo á hana?

S v.: Nei; því að í henni eru villur, og vjer vitum að guði getur ekki skjátláð.

52. Sp.: Hvers konar villur eru í henni?

S v.: Á sumum stöðum kennir hún það, sem vjer vitum nú, að er ósiðlegt. Sumstaðar fer hún með ranghermi í sögu og vísindum. Og víða mótsegir hún sjálfri sjer.

53. Sp.: Hvað skiljum vjer við ranghermi í vísindum?

Ranghermi í stjörnufræði, jarðfræði, o. s. frv.

54. Sp.: Geturðu nefnt nokkur dæmi?

S v.: Gyðingar hjeldu að jörðin væri flöt, og að himininn væri füst hvelving; einnig að sól og stjörnur væru gerðar að eins til þess að lýsa mönnum.

55. Sp.: Geturðu nefnt annað dæmi?

S v.: Sköpunar-söguna.

56. Sp.: Hvað er þá biblían?

S v.: Hún er skýrsla um hið trúarlega líf og kenningar hinna gömlu Ebrea og hinna fyrstu kristnu kirkna.

57. Sp.: Hvernig er hún í samanburði við trúarleg rit annara þjóða?

S v.: Hún tekur þeim öllum fram.

58. Sp.: Inniheldur hún orð guðs?

S v.: Já; en að eins að nokkru leyti, og sambland að við margar villur.

59. Sp.: Hvað er fullkomið guðsorð?

S v.: Allur sannleikur.

60. Sp.: Er öll opinberun á enda?

Sv.: Nei; sjerhver nýr sannleiki er ný opinberun.

61. Sp.: Talar guð til heimsins nú á dögum?

Sv.: Já, til allra, sem hlýða á og reyna til að skilja hann.

62. Sp.: Sje biblían ekki fullkomin, hví ættum vjer þá að lesa hana?

Sv.: Í fyrsta lagi eru bókmenntir og listir heimsins fullar af henni. Vjer verðum því að vera henni kunnugir, til að geta skilið þær.

63. Sp.: Hvers vegna annars?

Sv.: Vegna þess, að hún sýnir oss, hvernig trúarbrögðin þroskast, og hvað menn hafa hugsað, og hvað þeim hefur fundizt til um þau á liðnum tímum.

64. Sp.: Er til þess nokkur önnur ástæða?

Sv.: Sv.: Já; sje hún rjettilega notuð, þá styður hún vort persónulega trúarlif fremur hverri annari bók.

65. Sp.: Hvernig ættum vjer að lesa hana?

Sv.: Með opnum augum, eður opinmi sjón fyrir hennar sanna eðli.

66. Sp.: Hvert er hið sanna eðli hennar?

Sv.: Hún er mannleg bók. Í sumum köflum eru kenningar hennar barbariskar (siðlausar) og grimmdarfullar, af því þær voru samdar á siðlausum tímum. Hún er full af kynjum og kraptaverkum. Flestir af höfundunum vissu lítið um hina sönnu vegi guðs til að stjórna heiminum.

67. Sp.: Í hverju liggur þá dýrmæti hennar?

Sv.: Hún sýnir, hversu trúarlegar hugmyndir hafa proskazt frá siðleysi upp til hinnar fögru, andlegu kenningar Jesú.

68. Sp.; Hverjir hlutar biblíunnar eru dýrmætastir?

Sv.: Þeir, sem skýra oss frá lífi og kenningu Jesú.

69. Sp.: Hvernig geta þeir hjálpað oss?

Sv.: Með því að sýna oss, að líferni eius og hans er mögulegt, og með því að koma oss til að elska það.

V.

JESÚS.

1. Sp. Hvert ár var Jesús fæddur?

Sv.: Hjer um 5 eða 4 árum fyrir Krists burð.

2. Sp.: Hvernig gat Kristur fæðzt á undan Kristi?

Sv.: Fæðingar-ár hans var ekki ákveðið á þeim tíma, og mörgum árum síðar gerðu menn þetta glappa-skot.

3. Sp.: Um hvern tíma árs var hann fæddur?

Sv.: Menn vita það ekki.

4. Sp.: Fæddist hann ekki á jóla-nótt?

Sv.: Nei; þessi fæðingartími var eigi ákveðinn fyrir en fjórum eða fimm hundruð árum eptir fæðingu Jesú.

5. Sp.: Hví var þessi tími kjörinn til að halda fæðingu hans háttðlega?

Sv.: Vegna þess að hann var þegar áður alþýðlegur háttðis-dagur.

6. Sp.: Hvers konar dagur var það?

Sv.: Mjög líkur jóladegi vorum nú á tímum. Það var fæðingardagur sólar-guðsins og þá líka ársins.

7. Sp.: Hvað gerðu menn þenna dag?

Sv.: Deir skiptust á gjöfum, og gerðu daginn að jafurjettis og góðvildar degi. Drælum var gerð veizla, og húsbændur þeirra þjónuðu fyrir borðum.

8. Sp.: Hvar var Jesús fæddur?

Sv.: Í Nazaret, dálitlum bæ, er stóð á hálsi einum í Galíleu.

9. Sp.: Hvað kemur þá til að Matteus og Lúkas segja hann fæddan í Betlehem?

Sv.: Þessar sögur um fæðingu hans eru miklu yngri, og hafa ekkert við að styðjast. Gyðingar væntu þess, að Messías þeirra mundi fæðast í Betlehem. Dannig kom upp þessi trú eptir að menn fóru að trúa því, að Jesús væri þessi Messías.

10. Sp.: Hverjir voru foreldrar hans?

Sv.: Jósef og María.

11. Sp.: Hvers konar menn voru þau?

Sv.: Rjett og sljett bænda-fólk. Faðir hans var timburmaður.

12. Sp.: Átti hann bræður og systur?

Sv.: Já; hann var einn af mörgum börnum.

12. Sp.: Hvað vitam vjer um æsku hans?

Sv.: Því næst ekkert, nema að því leyti sem vjer getum komizt að því, hvornig æska Gyðinga var á þeim dögum.

14. Sp.: Hvað lærðu Gyðinga börn?

Sv.: Þau lærðu að hafa yfir spakmæli hins gamla testamentis og feðranna í samkundu-húsunum.

15. Sp.: Hvaða mái töluðu þau?

Sv.: Kaldetsku.

16. Sp. Lærðu þau nokkur vísindi eða heimspeki?

Sv.: Nei. Um þær mundir höfðu Gyðingar enga þekkingu á vísindum, og kom ekki til hugar að heimurinn mundi stjórnað samskvæmt föstum lögum.

17. Sp.: Segja æfistögu höfundar Jesú oss ekkert um æsku hans?

Sv.: Það er til ein saga hjá Lúkasi. Hún segir frá því, að foreldrar hans hafi farið með hann til musteirisins í Jerúsalem, þá er hann var 12 ára gamall.

18. Sp.: Hví fóru þau með hann þangað?

Sv.: Það var Gyðinga siður, ekki ólíkur konfirmationinni í sumum kirkjum.

19. Sp.: Hvernig kemur hann fyrir í sögunni?

Sv.: Eins og frábærlega greint barn eptir aldrí, en ástúðlegt og hlýðið.

20. Sp.: Hvað segir Lúkas um hann á heimleiðinni?

Sv.: Hann þroskaðist að vizku og vexti og náð hjá guði og mönnum.

21. Sp.: Hvenær sjáum vjer hann aptur?

Sv.: Um þrítugs-aldur, þá er hann kemur til Jóhannesar skírara til þess að skírastr.

22. Sp.: Hvað gerir hann svo enn fremur?

Sv.: Eptir að Jóhannes var settur í fangelsi, tekur Jesús að fara um landið og þrjédika, og boða, að guðs ríki væri nálægt.

23. Sp.: Hvað var meint með guðs ríki?

Sv.: Gyðingar höfðu komizt á þá trú, að guð mundi með kraptaverki skyndilega koma á fullkomnu skipulagi allra hluta á jörðunni.

24. Sp.: Ferðaðist Jesús aleinn?

Sv.: Nei; hann valdi sjer tólf vini, sem kölluðust postular. Vanalegast voru einhverjir þeirra með honum.

25. Sp.: Á hverju lifðu þeir?

Sv.: Þeir lifðu á beina vina sinna á ferðum sínum um landið.

26 Sp.: Var þetta nokkuð nýstárlegt?

Sv.: Nei; á þeim tímum, í því landi og veðurlagi, var það algengt og eðlilegt.

27. Sp.; Getum vjer rakið leiðir hans og kenningar eptir röð?

Sv.: Nei; því sögurnar eru ekki ljósar.

□ 28. Sp.: Hve lengi kenndi Jesús?

Sv.: Líklega lítið eitt yfir ár, þó Jóhannes sýnist gera úr því þrjú og hálf ár.— Samkvæmt yngri sögusögn á Jesús jafnvel að hafa náð fimtugsaldri.

29. Sv. Hvernig má skipta hans opinberlegu framkomu?

Sv.: Í tvo hluti, verk hans í Gallileu og í Júdeu.

30. Sp.: Hvar þrjédikaði hann?

Sv.: Á ströndum stöðuvatna, af bátum, í fjalla-
hlíðum, eða á hverjum hentugum stað sem vera vildi.

31. Sp.: Hversu þrjédikaði hann?

Sv.: Á einfaldan hátt, í samræðum, og hann
dróg dæmi sín af blómum, geri, bænda-vinnu, jöfnum
höndum og af ritningunni.

32. Sp.: Hjelt hann nokkrar langar ræður?

Sv.: Líklega ekki. Fjallræðan var ekki flutt öll
á sama tíma nje sama stað.

33. Sp.: Hvernig þrjédikaði hann annars?

Sv.: Opt og einatt í dæmisögum, það er: með því
að segja sögur til lærdóms, er menn mundu muna.

34. Sp.: Hvernig var honum tekið?

Sv.: Menn voru fúsir til að hlýða á hann.

35. Sp.: Hver munur var á honum og vanalegum
kennurum?

Sv.: Þeir voru yfir höfuð þurrir og formlegir í
kenningar-hætti.

36. Sp.: Hvað kenndu þeir?

Sv.: Lög Mósesar og sögusagnir.

37. Sp.: Hvað kenndi Jesús?

Sv.: Kærleika guðs og skyldu manna.

38. Sp.: Hverja valdi hann sjer til fylgdar?

Sv.: Yfir höfuð alþýðu-menn.

39. Sp.: Hvernig var hann skapi farinn?

Sv.: Hann var blíður og ástúðlegur; ætíð búinn
til að hjálpa og hugga.

40. Sp.: Var hann nokkurn tíma harðorður?

Sv.: Einungis við þá menn, sem voru harðir og dramblátir og fyrirlitu aðra menn.

41. Sp.: Hverja taldi hann hæfa til guðs-ríkis?

Sv.: Þá sem ljettu af að gera rangt og væru kærleiksfullir og hjálpsamir eins og hann.

42. Sp.: Setti hann nokkurn annan skilmála?

Sv.: Nei; hann gerði það ekki.

43. Sp.: Hverjir stóðu fyrir Þjóðkyrkjunni á hans dögum?

Sv.: Prestarnir, Farisearnir og ritningafræðingarnir.

44. Sp.: Líkaði þeim við hann?

Sv.: Nei.

45. Sp.: Hvers vegna?

Sv.: Vegna þess hann gerði lítið úr þeirra reglum og siðvenjum, og sagði að þessir hlutir stæðu ekki á neinu, ef menn að eins væru kærleiksfullir og hjálpsamir.

46. Sp.: Hví tóku þeir sjer þetta nærri?

Sv.: Sakir þess þeir hjeldu, að guð hefði boðið þeim, að halda uppi musterinu, lögmálinu og öllum þeirra siðvenjum, og líka sakir þess, að ef hann hefði komið sínu fram, þá hefði starfi þeirra og metorð verið á enda.

47. Sp.: Hvað tóku þeir til bragðs?

Sv.: Þeir æstu upp lýðinni móti horum og töldu

honum trú um, að hann væri fjandinn guðs, og þá um leið þeirra óvinur.

48. Sp.: Hvað gerðu þeir fleira?

Sv.: Deir töldu hinum rónversku yfirvöldum, sem þá stjórnðu landinu, trú um, að hann væri að koma á stað uppreist.

49. Sp.: Höfðu uppreistir átt sjer áður stað?

Sv.: Já, margar, svo að Rómverjar voru sífelt ugðandi í því efni.

50. Sp.: Vær nokkur hæfa í þessum ákærum?

Sv.: Engin nema sú, að hann þjedikadi guðs ríki. En þeir sáu, að þetta var hættulegt fyrir vald þeirra yfir lýðnum; og því vöktu þeir grunsemi Rómverja.

51. Sp.: Hvenær full-rjedu þeir ráðum sínum?

Sv.: Á hinni árlegu hátíð. Þeir vissu, að Jesús mundi þá verða í Jerúsalem.

52. Sp.: Hvernig komu þeir þeim fram?

Sv.: Þeir keyptu Júdas, einn af hans lærisveinum, til að svikja hann í hendur þeim.

53. Sp.: Hvað gerðu þeir svo?

Sv.: Þeir tóku próf yfir honum, fyrir Sankedrin, hinum mikla dómi Gyðinga.

54. Sp.: Gátu þeir sannað ákærum sínar?

Sv.: Deim stóð á litlu, hvort þeir gerðu það eða ekki. Þeir höfðu af ráðið að losast við hann.

55. Sp.: Gátu þeir liflátið hann?

Sv.: Nei; þeir urðu að fá til þess samþykki Pílatúsar, hins rómverska landstjóra.

56 Sp.: Áleit Pílatus hann sekan?

Sv.: Líklega ekki; en hann ljét sig það litlu skipta, svo að hann ljét eptir vilja alþýðu.

57. Sp. Hvað gerðu þeir svo við Jesú?

Sv.: Þeir settu þyrni-kórónu á höfuð honum, lögðu purpura-skikkju yfir herðar hans, og fengu honum reyf-staf í hönd, sakir þess, sögðu þeir, að hann þættist vera konungur, því kóróna, skikkja og veldis-proti voru tákn konungstignar.

58. Sp.: Dóttist hann vera konungur?

Sv.: Að eins í líkingu talað, sannleikans konungur.

59. Sp.: Hvað bar svo til?

Sv.: Þeir krossfestu hann á lítilli hæð fyrir utan borgarmúrana.

60. Sp.: Hvar var hann grafinn?

Sv.: Í nýrri gróf, högginni í klett, í garði, sem Jósep af Arimatía átti.

61. Sp.: Reis hann upp aptur frá dauðum?

Sv.: Það er engin ástæða til að ætla, að líkami hans hafi lifnað aptur.

62. Sp.: Hví þóttust þá lærisveinarnir hafa sjeð hann eptir dauðann?

Sv.: Má vera, að þeir hafi sjeð hann í sínum andlega líkama.

ha

6

uri

6

áðu

lifg

6

risu

6

neim

68

lækri

69

70

mjögg

sögu

að dá

*)

63. Sp.: Á hvaða degi er haldin hátíðleg upprisa hans, sem menn hyggja hafi átt sjer stað?

Sv.: Á páska-daginn.

64. Sp.: Hvers vegna?

Sv.: Vegna þess að hann, eins og líka jóladagurinn, hafði lengi verið haldinn hátíðlegur á sama hátt.

65. Sp.: Hvaða þýðing lögðu menn í þennan dag áður en hann varð kristileg hátíð?

Sv.: Hann var haldinn hátíðlegur sem endurlifgunar-dagur vorsins eptir vetrar-dauðann.

66. Sp.: Hvenær komust á gang sögurnar um upprisu Jesú og yfirnáttúrlega fæðingu hans?

Sv.: Löngu eptir dauða hans.

67. Sp.: Gerði Jesús kraptaverk?

Sv.: Nei, ekki í þeim skilningi, að hann raskaði neinum náttúru-lögum.

68. Sp.: Hafði hann nokkra kynja-krapta?

Sv.: Líklega; einkum í því, að lina þeim og lækna þá, er þjáðust af tauga-veiklun.

69. Sp.: Hafa aðrir haft líka krapta?

Sv.: Já, margir menn aðrir.

70. Sp.: Hvernig komust þá þessar sögur á gang?

Sv.: Allt eins og átti sjer stað um Gautana* og mjög marga aðra. Menn hafa ætíð sagt kynjalegar sögur um þá furðulegu menn, sem þeir hafa leiðzt til að dást að og tilbiðja.

*) Budda Indverja. Þýð.

71. Sp.: Hafa sögur um fæðingu af meyjum og undra-krapta verið sagðar um aðra menn?

Sv.: Já, um marga aðra; þær voru sagðar um Gautana, Plató, Cæsar, Appolonius og líka um marga kaþólska dýrlinga.

72. Sp.: Hirtu menn í þá daga um sönnun?

Sv.: Nei; þeir trúðu fúslega hverri sögu, sem þeim geðjaðist.

73. Sp.: Fyrir hví?

Sv.: Sakir þess þeir höfðu enn ekki lært að þekkjja röð og reglu náttúrunnar.

74. Sp.: Hvers konar maður var Jesús?

Sv.: Hann var sá mikli, gersamlegi siðbóta-maður og leiðtogi sinnar aldar.

75. Sp.: Hvað kenndi hann?

Sv.: Hann kenndi mjög fátt, sem var alveg nýtt; en kann kenndi með svo miklum einfaldleik og krapti, að það hafði mikil áhrif á menn.

76. Sp.: Hvar er hann rjett talinn í manna-röð?

Sv.: Hann er hinn mesti trúarlegi leiðtogi heimsins.

77. Sp.: Hver var lyndis-einkunn hans?

Sv.: Hann var svo fullur af anda og elsku guðs, og hann elskaði mennu svo mjög, að oss virðist sem hann muni hafa verið nærri því fullkominn.

78. Sp Stofnsetti hann nokkra kirkju?

Sv.: Hann gerði það ekki. Ef rjett er haft eptir honum, þá bjóst hann við að koma aptur skömmu

eptir dauða sinn með engla-sveitum og stofna guðs-
ríki á jörðunni.

79. Sp.: Kenndi Jesús nokkur vísindi eða stjórnr-
fræði eða hjálpaði hann til að leysa úr vandamiklum
mannfjelags spurningum?

Sv.: Nei; hann hafði sama álit á öllum þvflík-
um málum eins og landar hans höfðu á þeim dögum.

80. Sp.: Hvað var það?

Sv.: Það var, að guð „við endi veraldarinnar“
myndi allt í einu og á yfirnáttúrlegan hátt stofnsetja
ríki sitt.

81. Sp.: Hjálpaði hann þá heiminum til að leysa úr
nokkrum af hinum miklu ráðgátum mannglegrar skyn-
semi?

Sv.: Nei. Mikilleikur hans var fólginu í skap-
ferli hans og andlegu djúpsæi.

82. Sp.: Ættum vjer að nefna hann sem Jesú eða
Krist?

Sv.: Sem Jesú; Kristur eða Messías var sá titill,
sem honum var gefinn, en ekki hans eigin-nafn.

83. Sp.: Hvað er Jesús oss nú á tímum?

Sv.: Vor mikli, andlegi innblástur og fyrirmynd.

84. Sp.: Í hvaða skilningi er hann frelsari vor?

Sv.: Að því leyti hann eflir hjá oss elskuna til
guðs og manna, og þar með viðleitni til að líkjast hon-
um.

85. Sp.: Er það nóg að þekkja hinn rjetta veg?

Sv.: Nei; vjer eigum að elska þann veg, svo vjer
sjeum fúsir að vinna á honum og jafnvel láta lífið fyrir
hann.

86. Sp.: Hvi segir Jesús að elskan sje mest árið-
andi allra hluta?

Sv.: Af því að elskan er hin mikla meginhvöt til
frankvæmdar öllum miklum og góðum hlutum.

87. Sp.: Eigum vjer að kalla oss kristna?

Sv.: Já; ef vjer með því eigum við það, að vjer
viljum fylgja Jesú kærleiksanda til guðs og manna.

VI. HID ILLA OG DJÖFULLINN.

1. Sp.: Hvað meinum vjer með illu?

Sv.: Öll rangindi og þjáningar.

2. Sp.: Hver er gamla meiningin um þetta?

Sv.: Að það ætti sjer engan stað í fyrstu.

3. Sp.: Hvernig hafa menn gert sjer grein fyrir
upphafi þess?

Sv.: Á þá leið, að það hafi stafað af falli
mannrins.

4. Sp.: Hvernig er sagan?

Sv.: Svo, að maðurinn hafi verið gerður full-
kominn, og settua í garðinn Eden.

5. Sp.: Hveruig segir sagan, að maðurinn hafi
misst hann?

Sv.: Það er sagt, að djöfullinn í höggormslfki hafi
freistað Evu.

6. Sp.: Hvað er svo sagt, að skeð hafi?

S v.: Að Adam og Eva hafi verið rekin burt úr garðinum. Þá hafi menn farið að þjást og deyja.

7. Sp.: Hver var þessi djöfull?

S v.: Fyrst, segir sagan, var hann skínandi erki-engill, það er: engla foringi.

8. Sp.: Hvernig varð hann að djöfli?

S v.: Það er sagt, að hann hafi gert uppreit gegn guði á himnum, og svo hafi honum verið kastað niður til helvítis.

9. Sp.: Hvers vegna freistaði hann Evu?

S v.: Menn hjeldu hann hefði gert það guði til stríðs, og til að spilla hinum nýgerða heimi.

10. Sp.: Trúðu Gyðingar í fyrstunui á tilveru djöfulsins?

S v.: Nei.

11. Sp.: Hvenær fóru þeir að leggja trúnað á hana?

S v.: Það virðist sem þeir hafi fengið þessa trú frá Persum, meðan þeir voru í útleigðinni hjer um 550 árum f. K.

12. Sp.: Því fjellust þeir á þessa hugmynd?

S v.: Vegna þess þeim kom til hugar, að hinn góði guð mundi ekki hafa getað látið illt við gangast, og því mundi það vera einhverri illri veru að kenna.

13. Sp.: Er þetta fullnægjandi útskýring?

S v.: Nei, því að ef guð hefði ekki getað látið illt við gangast, þá hefði hann ekki heldur látið djöfulinn vera til.

14. Sp.: Er nokkur ástæða til að trúa tilveru djöfulsins?

Sv.: Nei, alls engin. Sögurarnar um hann sanna ekki tilveru hans fremur en sögurnar um Herkúles sanna hans tilveru.

15. Sp.: Hverju hafa menn trúað um djöfulinn?

Sv.: Að hann og hans vondu englar væru hvervetna, og gerðu alls konar óhöpp.

16. Sp.: Hvers konar óhöpp?

Sv.: Því um lík og það, að valda sjúkdómum og stormbyljum.

17. Sp.: Hefir það verið haldið, að menn gætu haft nokkuð saman við djöfulinn að sælda?

Sv.: Já, eins og sagt var um Faust og galdramennina. Það var haldið, að karlar og konur gætu gert samninga við hann, og að þeir stundum seldu honum sálu sína fyrir auð eða völd.

18. Sp.: Er hið illa hlutur, sem hefir komið inn í heiminn?

Sv.: Nei.

19. Sp.: Hvað er það þá?

Sv.: Það er ekkert annað en vanþekking á guðs lögum og vandrækt í að halda þau.

20. Sp.: Hve lengi hefir hið illa ltiverið?

Sv.: Frá upphafi lífsins á jörðinni.

21. Sp.: Hvað er sársauki?

Sv.: Tilfinning, sem oss fellur ekki vel.

22. Sp.: Hver er orsök hennar?

Sv.: Sjerhver skepna, sem getur nokkuð fundið til, getur ekki hjá því komizt, að finna til óþæginda og líka þæginda. Og óþægindi eða sársauki, er afleiðingin af því, að eitthvert guðs-lögmál er brotið.

23. Sp.: Mundi nokkur sársauki vera til, ef menn væru fullkomnir?

Sv.: Nei, eða að minnsta kosti mjög líttill. Ef menn þekktu guðs lög og hjeldu þau, mundu þeir ekki þjáast.

24. Sp.: Eru þá þjáningarnar sönnun fyrir því, að menn sjeu vondir?

Sv.: Nei, alls ekki; því verið getur, að vjer brjótum lög guðs án þess að vita af því, eða aðaðrir menn valdi því, að vjer hljótum að þjáast.

25. Sv.: Er dauðinn nokkuð illt?

Sv.: Nei, en hastarlegur eða grimmilegur dauðdagi getur verið það.

26. Sp.: Var syndin orsök í dauðanum?

Sv.: Nei; það er jafn-æðlilegt að deyja og að fæðast.

27. Sp.: Hver eru hin mestu mein heimsins?

Sv.: Rangindi, sem menn gera hverjir öðrum.

28. Sp.: Þurfa þau endilega að vera?

Sv.: Nei, þau eru til af því að menn eru fáfróðir, skapillir og eigiugjarnir.

29. Sp.: Hefir maður hag af því, að gera öðrum rangt nokkurn tíma til?

Sv.: Nei; eigingirni er ætíð fávísleg jafnframt því að hún er röng.

30. Sp.: Hvað er eigingirni?

Sv.: Hún er tilhneiging til þess, að öðlast eitthvað þótt það verði öðrum til ógagns eða óhamingju.

31. Sp.: Er það rangt, að sækjast eptir öllum göðum hlutum?

Sv Nei, það er því að eins rangt, að maður vilji gera öðrum tjón með því að ná þeim.

32. Sp.: Er það guðs vilji að menn þjáist?

Sv.: Nei.

33. Sp.: Dví kemur hann þá eigi í veg fyrir það?

Sv.: Einungis með reynslunni getum vjer lært að þekkja gott frá illu; þess vegna verður guð að láta illt viðgangast, jafnvel þó það baki mönnum þjáningar.

34. Sp.: Hljóta menn ætíð að þjáist?

Sv.: Einungis þangað til þeir læra, hvernig þeir eiga að lifa rjettilega.

35. Sp.: Gera þjáningar og dauði mönnum ómögulegt að trúa á gæzku guðs?

Sv.: Nei; ekki ef vjer skiljum þjáningar og dauða, og gagnsemi þeirra.

36. Sp.: Eru þá þjáningar og dauði nokkur merki þess, að guð sje mönnum reiður?

Sv.: Nei, guð er aldrei reiður nokkrum manni.

37. Sp.: Hverjar eru þá orsakir alls ills?

Sv.: Fáfræði, ástríður og heimska.

38. Sp.: Þurfum vjer þá á nokkrum djöfvi að halda til að skilja í því?

Sv.: Nei.

39. Sp.: Guð ætlast þá ekki til að vjer þjáumst?

Sv.: Nei, hann ætlast til, að vjer lærum hinn rjetta veg og sneiðum hjá öllu illu.

VII.

SÁLUHJÁLP.

1. Sp.: Hvað er sáluhjálp?

Sv.: Rjett samband við guð og menn.

2. Sp.: Hvað hafa orpodoxu kirkjurnar kennt við-
vikjandi mönnunum?

Sv.: Að þeir væri týndir og glataðir, undir búlvan og reiði guðs, og dæmdir til eilífra helvítis-þísla.

3. Sp.: Hvernig segja þær að þetta hafi að borið?

Sv.: Sem afleiðing af falli Adams.

4. Sp.: Hvernig þá?

Sv.: Þær segja, að guð hafi hagað því svo, að allt mannkyn sje fætt spillt og til glötunar.

5. Sp.: Hvernig er sú saga?

Sv.: Sagan segir að Adam og Eva hafi verið sköpuð fullkomin og sett í Eden. Þau hafi fallið, þegar Satan freistaði þeirra; og svo hafi allir niðjar þeirra fæðst spilltir og fallnir.

6. Sp.: Hvað kenna orpodoxu kirkjurnar að guð hafi gert?

Sv.: Eptir sem aldir runnu, útvaldi hann eina litla þjóð, til að kenna henni og undirbúa hana undir komu sonar síns, sem átti að verða frelsari þeirra sem aðhylltust hann.

7. Sp.: Og hvað svo?

Sv.: Allur hinn hluti heims var eptir skilinn í myrkri um 4000 ár.

8. Sp. Hvað bar svo til?

Sv.: Hann sendi son sinn, annan meðlim þrenningarinnar, til að fæðast af meyju, þínast og deyja.

9. Sp.: Hverjar eru fleiri orþodoxar kenningar?

Sv.: Yfirnáttúrleg og óskeikul opinberun; að Jesús væri guð; að kirkjan væri samsett af þeim einum, sem fjellust á þessar kenningar; að þeir, sem fjellust á þær, færu til himins, en hinir, sem eigi gerðu það, færu til helvætis.

10. Sp.: Hver er mest áfrðandi af þessum kenningum?

Sv.: Fall mannsins. Því hefði það ekki verið, þá hefðu hinar kenningarnar ekki verið til.

11. Sp.; Hverju trúum vjer nú á dögum um þessa hluti?

Sv.: Vjer ekki einungis trúum, heldur vitum vjer, að fall mannsins hefur aldrei átt sjer stað.

12. Sp.: Hvað verður þá um allar hinar kenningar?

Sv.: Það er engin þörf á þeim.

13. Sp.: Trúðu hinir gömlu Gyðingar þeim?

Sv.: Nei. Þeir fengu þessa Eden-sögu hjá Persum; og þeir hafa aldrei trúað neinni af hinum kenningunum nema þeirri, að gamla testamentið væri opiuberun.

14. Sp.: Trúði Jesús þeim sjálfur?

Sv.: Nei; hann kenndi aldrei neina þeirra.

15. Sp.: Sagði hann ekki, að guð væri faðir sinn.

Sv.: Jú, en hann sagði líka, að guð væri faðir allra manna.

16. Sp.: Hvað vitum vjer um manninn?

Sv.: Að hann hefur þroskast út af lægri lífsmyndum; hefur lifað á jörðunni 200,000 eða 300,000 ár; og að hann hefir aldrei fallið.

17. Sp.: Þarf hann þá að frelsast?

Sv.: Nei, ekki í þeim skilningi, að hann sje undir reiði guðs, og dæmdur til helvítis.

17. Sp.: Hvers þarf hann þá með?

Sv.: Hann þarf að menntast og fræðast, og læra hvernig hann á að lifa.

19. Sp.: Er þá ekkert helvíti til?

Sv.: Einungis helvíti þjáninga þeirra, sem stafa af misgerðum manna, bæði í þessum og hverjum öðrum heimi.

20. Sp.: Frá hverju þurfa menn þá að frelsast?

Sv.: Frá fáfræði, ástríðum og eigingirni.

21. Sp.: Mundi það leiða oss til himins?

Sv.: Að vera laus við þetta er himnarfki.

22. Sp.: Getur vöndur maður komizt til himnaríkis?

S v.: Ekki fremur en brostið hljóðfæri getur gefið af sjer hreinan tón.

23. Sp.: Er himnaríki þá nokkur staður?

Sv.: Það má kalla marga staði himnaríki, en í raun og veru er himnaríki í sálinni. Vesalt barn verður ekki sælt fyrir það, þó það sje í skrautlegu húsi.

24. Sp.: Hvað er þá sáluhjálp?

Sv.: Það er rjett hugarfar og líferni.

25. Sp.: Eu hafi einhver lífað illa, hvað ætti hann þá að gera?

Sv.: Hætta að gera rangt og byrja að gera rjett.

26. Sp.: Mun guð fyrirgefa misgjörðir?

Sv.: Í vissum skilðingi, já; í öðrum skilningi, nei.

27. Sp.: Hvernig stendur á því?

Sv.: Vjer getum komizt aptur í sátt við guð, en það getur ekki afmáð afleiðingarnar af misgerðum vorum.

28. Sp.: Hvað getum vjer þá gert í því efni?

Sv.: Vjer ættum, að svo miklu leyti oss er mögulegt, að bæta upp það, sem vjer höfum af gert.

29. Sp.: Hvers vegna?

Sv.: Vegna þess, að hafi jeg gert á hluta annars manns, þá er eigi nóg, þó jeg biðji guð fyrirgefningar á því. Jeg verð, ef jeg get, að bæta upp misgerð mína.

30. Sp.: Getur maður orðið hólpinn aleinn?

Sv.: Nei.

31. Sp.: Því ekki?

Sv.: Vegna þess, að velferð og heill hvers og eins manns er komin undir velferð og heill allra manna.

32. Sp. Hvernig stendur á því?

Sv.: Hver sem elskar náungann, getur aldrei verið fullkomlega ánægður meðan lestir og þjáningar eru til.

VIII.

KYRKJAN.

1. Sp.: Hvað þýðir „kyrkjan“?

Sv.: Það er hið gríska orð *ἐκκλησία*, söfnuður.

2. Sp.: Hve gömul er kyrkjan?

Sv.: Hún var stofnuð þegar eptir dauða Jesú.

3. Sp.: Höfðu Gyðingar nokkuð líkt kyrkju?

Sv.: Já, samkundurnar. Það var ein í hverju þorpi, og í stórum bæjum margar.

4. Sp.: Hvað gerðu þeir þar?

Sv.: Þeir lásu og útskýrðu lög málið.

5. Sp.: Eru samkundurnar á nokkurn hátt skyldar kyrkjunum?

Sv.: Já, kyrkjurnar voru myndaðar eptir þeim, og hefðu líklega alls ekki verið til, ef þær hefðu ekki verið.

6. Sp.: Hvað voru kyrkjurnar?

Sv.: Frjáls fjelög karla og kvenna til þess að

nema og kenna kristindóminn, og framkvæma hann í verkinu.

7. Sp.: Voru í fyrstunni til nokkrir byskupar eða yfirboðarar?

Sv.: Nei; það var að eins tekið eðlilegt tillit til postulanna, og farið eptir því sem þeir sögðu.

8. Sp.: Hvernig þróuðust kyrkjurnar og breyttust?

Sv.: Eptir því sem þær fjölgðu, skiptust þær eðlilega í deildir með tilsjónarmönnum, sem kallaðir voru presbyterar eða öldungar, og síðast byskupar.

9. Sp.: Hvað þýðir orðið byskup?

Sv.: Einungis tilsjónarmaður.

10. Sp.: Hversu hófst kaþólska kyrkjan?

Sv.: Eptir að Rómaveldi kristnaðist, höfðu byskuparnir af Rómi (höfuðborginni), eins og eðlilegt var, meira vald en hinir.

11. Sp.: Hvenær varð Rómaveldi kristið?

Sv.: Snemma á fjórðu öldinni, undir stjórn Konstantinus keisara.

12. Sp.: Var hann góður maður?

Sv.: Nei.

13. Sp.: Hvers vegna kallaði hann sig þá kristinn?

Sv.: Það höfðu þá svo margir af þegnum hans tekið kristni, að það var hygginda-bragð hans að gera það líka.

14. Sp.: Hve langt náði rómverska kyrkjan að útbreiðast?

Sv.: Því nær yfir allan hinn síðaða heim.

15. Sp.: Hver var höfuð kyrkjunnar?

Sv.: Páfinn. Það nafn er dregið af latnesku orði *papa*, sem merkir faðir.

16. Sp.: Fór kyrkjan eptir hinu einfalda lífni Jesú og kenningu hans?

Sv.: Nei, hún varð að miklu veldi með páfann fyrir höfðingja.

17. Sp.: Var mönnum frjálst að hugsa og rannsaka?

Sv.: Nei, allir vantrúarmenn voru ofsóttir, og þeim hegnt.

18. Sp.: Hverir voru vantrúar-menn?

Sv.: Sjerhver sá, sem eigi vildi fallast á einhverja kenningu kyrkjunnar.

19. Sp.: Hve lengi gat kyrkjan haft þessi yfirráð í Norðurálfu?

Sv.: Þangað til á sextánda öld.

20. Sp.: Hvað bar þá við?

Sv.: Það sem kallað er síðbótin.

21. Sp.: Hver stóð fyrir henni?

Sv.: Munkur einn að nafni Lúter.

22. Sp.: Hver varð niðurstaðan?

Sv.: Mjög mikið fráfall frá kaþólsku kyrkjuni og stofnun margra trú-deilda, er nefnast prótestantar.*

* Þetta orð er af latneskum uppruna og merkir mótmælendur. Þýð.

23. Sp.: Hvers vegna voru þeir kallaðir prótestantar?

Sv.: Á seinna þinginu í Spa mótumælti minni hlutinn aðgerðum meira hlutans í nafni trúfrelsis.

24. Sp.: Hverjar eru helztu prótestanta kyrkjur?

Sv.: Lúterska kyrkjan í Dýzkalandi og Norðurlöndum (Svíaríki, Noregi, Íslandi), Danmörku, enska kyrkjan í Englandi, presbytera kyrkjan (eða öldungu) í Skotlandi og Ameríku, methodista og kongregationalista kyrkjan og margar fleiri.

25. Sp.: Hvert annað nafn hafa allar þessar kyrkjur?

Sv.: Þær eru kallaðar orpodox.

26. Sp.: Hvað þýðir orpodox?

Sv.: Það er dregið af grísku orði *ὀρθόδοξος* og þýðir: hinn rjetti lærdómur.

27. Sp.: Hvað eru hinar kallaðar?

Sv.: Heretiskar.

28. Sp.: Hvað þýðir það?

Sv.: Það er dregið af grísku orði, sem táknar kjör. Heretiskur er því hver sá, sem hugsar frjálst—kýs sjer trú.

29. Sp.: Erum vjer Unitarar heretiskir?

Sv.: Já, eptir skoðun hinna orpodoxu. En vjer álltum oss sjálfir orpodoxa í rjettum skilningi orðsins, af því að vjer eptir vorri skoðun höfum og kennum hinn sanna lærdóm.

30. Sp.: Í hverju greinir orpodoxu kyrkjurnar á?

Sv.: Adallega í kyrkjusiðum og stjórnar-fyrirkomulagi.

31. Sp. Hverja kyrkjusíði og stjórnar-skipulag mega Unitarar hafa?

Sv.: Hvert helzt sem þeim þóknast. Stjórnar-skipulag kyrkjunnar er samt yfir höfuð demokratískt eður lýðstjórnarlegt.

32. Sp.: Hversu gömul er Unitara-trú?

Sv.: Gyðingar voru Unitarar. Svo var og Jesús og postularnir.

33. Sp.: Hvað skiljum vjer við það?

Sv.: Að þeir trúðu á einingu guðs, en ekki þrenningu. Vjer eigum ekki við að þeir hafi haft allar sömu skoðanir, sem vjer höfum nú á dögum.

34. Sp.: Hversu gömul erhin nýjari Unitara-trú?

Sv.: Það voru til margir Unitarar á dögum síðbótarinnar. Í Ungverjalandi hefur einlægt verið Unitara-kyrkja frá þeim tíma.

35. Sp.: Hvenær hófust þær nýjustu stefnur í Unitara-kyrkjunni?

Sv.: Seint á átjándu öldinni í Englandi og Ameríku.

36. Sp.: Hver var hinn fyrsti Unitara-kennimaður á Englandi?

Sv.: Rev. Dr. Lindsey. Milton, Newton, Locke og Priestley voru Unitarar.

37. Sp.: Hver var hinn fyrsti Unitari í Ameríku?

Sv.: Rev. Dr. James Freeman af *Kings Chapel*.

Adams, Franklin, Jefferson, og aðrir fleiri, þar á meðal líklega Washington, voru í rauninni Unitarar

38. Sp.: Hverir hafa verið vorir frægustu foringjar í þessu landi?

Sv.: Channing og Parker.

39. Sp.: Hver er grundvallar-regla í Unítara-trú?

Sv.: Frjálsræði til að rannsaka allt og trúa því sem skynsamlegt er.

40. Sp.: Hver eru aðalatriði í trú vorri?

Sv.: Trúin á eining guðs, sem mótsetning við þrenninguna; á fullkomna gæzku hans; framför mannsins í staðinn fyrir fall hans; á manndóm Jesú í stað guðdóms; á biblíuna sem náttúrlega bók í staðinn fyrir yfirnáttúregu bók; á sáluhjálpmannsins fyrir lífernitt, gagnstætt sáluhjálpmannsins fyrir kreddur eða sakramenti; á sáluhjálpmanna um síðir, með því að þeir leiðist til að sjá sannleikann og fylgja honum, gagnstætt trúnni á endalausar helvítis þáslir.

41. Sp.: Ættu menn að heyra til kyrkjunnar?

Sv.: Já, þeirri beztu kyrkju sem þekkt er, vegna þess að kyrkja er stofnun til þess að hjálpa mönnum til að finna sannleikann og lifa eptir honum.

42. Sp.: Sv.: Er til nokkur al-sönn kyrkja?

Sv.: Nei; en sú kyrkja er bezt, sem finnur mest af sannleikanum og bezt fylgir honum í framkvæmdinni.

43. Sp.: Hvers vegna erum vjer Unítarar?

Sv.: Vegna þess að oss virðist Unítara-lærdómar

koma næst sannleikanum, og vegna þess að vjer höf-
um frelsi til að rannsaka og finna nýjan sannleika.

44. Sp.: Er það rangt að yfirgefa Unítara-kirkju
og ganga í hinar eldri kirkjur?

Sv.: Svo áltum vjer.

45. Sp.: Hvers vegna?

Sv.: Vegna þess, að það er ekki að ganga á
guðs vegi, sem leiðir heiðinn áfram til nýs og æðri
sannleika.

46. Sp.: Er eigi meiri hlutiinn líklegur til að hafa
rjett fyrir sjer?

Sv.: Nei; í menntun, í vísindum, í mannkærleik
eru það ætíð hinir fáu, sem ganga fyrir, eins og í her-
fylkingu, að forgönguliðið er ætíð fámennara en meg-
inherinn.

47. Sp.: Hvað ættum vjer þá helst að láta oss
annt um?

Sv.: Að hafa sem mest af sannleikanum, og
hjálpa til að leiða og hefja heiminn upp á við. Jes-
ús og allir miklir leiðtogar hinna liðnu tíma voru í
minni hlutanum.

IX.

SKYLDAN.

1. Sp.: Hvað er skylda?

Sv.: Það sem manni ber eða maður á að gera?

2. Sp.: Hvað á maður að gera?

Sv.: Allt sem rjett er.

3. Sp.: Hvað tákna orðið „rjett“?

Sv.: Það sem er samkvæmt viðtekinni reglu eða fyrirmynd.

4. Sp.: Hver er þessi regla eða fyrirmynd?

Sv.: Það hafa verið til búsna margar, gerðar af handahófi og skakkar.

5. Sp.: Hverjar eru nokkrar þeirra?

Sv.: Rómverska kyrkjan segir það sju sínar kenningar, en prótestantar segja það sju biblían. Ýmsar þjóðir og ýmis menntunarstig hafa haft ólíkar hugmyndir.

6. Sp.: Geturðu komið með fleiri dæmi?

Sv.: Mannfjlagið hefur stundum haft sína skoðun á því, hvað rjett væri, og heldur viljað fyrirgefa veruleg rangindi, heldur en skeytingarleysi um reglur sínar.

7. Sp.: Er til nokkur veruleg regla?

Sv.: Já.

8. Sp.: Hver er hún?

Sv.: Hún liggur í orðinu „líf“.

9. Sp.: Hvernig er því varið?

Sv.: Það sem styður að lífi og velferð mannkynsins er rjett.

10. Sp.: Hvað er þá rangt?

Sv.: Það sem skaðar eða miðar til að eyðileggja líf og velferð.

11. Sp.: Hvað hefur mönnum komið saman um að kalla lesti og rangindi?

S v.: Það sem þeir fyrir reynsluna hafa komizt að raun un að væri skaðlegt.

12. Sp.: Hafa menn ætíð haft rjetta skoðun á því, hvað væri rjett og rangt?

S v.: Nei; frumreglan hefir jafnan verið hin sama, en hugmyndir manna um hana hafa ekki verið það.

13. Sp.: Eru sömu athafnir ætíð rjettar eða ætíð rangar?

S v.: Nei; vegna þess að ástæðurnar geta breytt afleiðingum þeirra.

14. Sp.: Hvernig hafa menn komizt að því, hvað væri rjett eða rangt?

S v.: Með reynslunni; rjett eins og þeir hafa komizt að því, hvað væri gott og hollt að jeta, og hvað sje eitur.

15. Sp.: Er það rjetta ætíð samkvæmt vilja guðs?

S v.: Já, æfinlega.

16. Sp.: Skapar sá vilji það rjetta?

S v.: Nei; það rjetta er eilíft; enginn máttur getur breytt því.

17. Sp.: Eru öll guðs lög rjett?

S v.: Já, því þau eru skilyrðin fyrir lífi og velferð.

18. Sp.: Hver er hegningin fyrir hið ranga?

S v.: Þjáning og dauði.

19. Sp.: Gæti guð breytt þessu?

S v.: Nei; ekki fremur en hann gæti gert mann heilan og sjúkan á sama tíma.

20. Sp.: Þurfti heimurinn að fá yfirnáttúrlega opinberun til að kenna sjer, hvað rjett væri?

Sv.: Nei; reynslan kennir honum það.

21. Sp.: Hafa nokkrar þjóðir fyrir utan Gyðinga og kristnar þjóðir þekkt það rjetta?

Sv.: Já; jafn síðaðar þjóðir hafa haft hjer um bil sömu hugmyndir um rjett og rangt.

22. Sp.: Á hvað bendir það?

Sv.: Það gefur til kynna, að þær hafa haft hjer um bil sömu reynslu og lært hjer um bil það sama.

23. Sp.: Borgar það sig nokkru sinni að gera rangt?

Sv.: Nei; það er ætíð heimska.

24. Sp.: Hví gera menn þá rangt?

Sv.: Stundum af vanþekkingu, stundum leiðast þeir af geðshræringum, svo sem hatri eða úfund; stundum af von um ánægju í bráðina, þrátt fyrir ill eptirköst.

25. Sp.: Hvers vegna ætti jeg að gera öðrum rjett?

Sv.: Vegna þess jeg hef engan rjett til að gera á hluta þeirra.

26. Sp.: Ætti jeg að gera rjett sjálfs míns vegna?

Sv.: Já; ef jeg skeyti um líf og velferð; og þar að auki getur enginn skaðað sjálfan sig án þess að skaða einhvern annan.

27. Sp.: Hlýtur endilega eitthvað rangt að vera til í heiminum?

Sv.: Nei; ekki nema í þeim skilningi, að það er óhjákvæmileg afleiðing af vanþekkingu, ástríðum og eigin-girni.

28. Sp.: Hvernig getur heimurinn orðið af með það ranga?

Sv.: Með því að læra, hvað rjett sje, og gera það.

29. Sp.: Er það nóg að kenna mönnum, hvað rjett er?

Sv.: Nei; þeir verða að læra að elska það.

30. Hvers vegna?

Sv.: Af því að kærleikurinn gerir aldrei viljandi öðrum mein.

31. Sp.: Er kærleikurinn einn nægur?

Sv.: Nei; menn verða að þekkja veginn, og kærleikurinn verður að leiða menn til að ganga hann. Þannig eru þekkingin og kærleikurinn bæði nauðsynleg.

X.

DAUDINN

OG

ANNAD LIF.

1. Sp.: Hvað er dauðinn?

Sv.: Endir vors líkamlega lífs.

2. Sp.: Er hann hegning fyrir syndina?

Sv.: Nei; dauðinn átti sjer stað meðal hinna óæðri dýra, áður en nokkrir menn voru til að gera rangt.

3. Sp.: Af hverju kom hann inn í heiminn?

Sv.: Það er lögmál fyrir allar lífandi verur, að þær hljóta að deyja.

4. Sp.: Er það illt að deyja?

Sv.: Nei; eptir því sem til hagar í þessum heimi, mundi allt vera verra ef enginn dauði væri til.

5. Sp.: Gerir hann heiminn ósælli?

Sv.: Nei, sældin er miklu meiri fyrir hann.

6. Sp.: Hvernig stendur á því?

Sv.: Væri enginn dauði til, mundi heimurinn bráðlega fyllast af alls konar sköpnum, eigi síður en af mönnum.

7. Sp.: Hvað gerði það til?

Sv.: Ekkert fleira gæti fæðzt, og ekkert fleira notið þeirrar ánægju að lifa. Lífið er líkt veizlu. Ef þeir fyrstu sætu að borðum alla tíð, þá gætu fleiri aldrei að komizt.

8. Sp.: Hvað veldur því, að menn óttast dauðann?

Sv.: Að miklu leyti hinar gömlu kenningar um annan heim.

9. Sp.: Hvað annars?

Sv.: Veikindin og þjáningin, sem honum er samfara.

10. Sp.: Veldur því nokkuð annað?

Sv.: Já; skilnaður við vini.

11. Sp.: Eru þetta veruleg atriði við dauðann?

Sv.: Nei; kvíðinn fyrir ókomna tímanum er að

mestu leyti hugarburður. Þjáningin og sóttin þurfa ekki að eiga sjer stað, þegar menn læra að lifa rjett; og skilnaðurinn er að eins um stundar sakir.

12. Sp.: Hvað ætti dauðinn þá að vera?

Sv.: Sælurík endurfæðing til annars lífs, þegar þetta líf er á enda.

13. Sp.: Ættu svo margir menn að deyja svo snemma?

Sv.: Nei; það kómur af því, að menn halda eigi lögmál lífsins.

14. Sp.: Getum vjer vonast eptir, að komizt verði fyrir svo mikla sjúkdóma og þjáningar, og dauða á ungum aldri?

Sv.: Vjer getum það *Arnþjotur B. Olsen*

15. Sp.: Hvernig verður þá að deya?

Sv.: Líkt því að sofna, þegar maður er þreyttur.

16. Sp.: Er dauðinn endalokin?

Sv.: Nei; vjer trúum því að hann sje að eins önnur tegund fæðingar.

17. Sp.: Breytir dauðinn skapferli manns?

Sv.: Nei; eigi fremur en nætur-svefn.

18. Sp.: Eru til ákveðnir staðir, sem kallast himnaríki og helvíti?

Sv.: Nei; sjerhver sála er sæl eða ósæl eptir skapferli sínu.

19. Sp.: Getur nokkur hreppt sælu eptir dauðann, nema með því að vera góður maður og gera rjett?

Sv.: Nei. Það er eini vegurinn.

20. Sp.: Hvert fara þeir sem deyja?

Sv.: Líklega ekki langt í burtu.

21. Sp.: Er til nokkur sjerstakur hnöttur, sem þeim er ætlaður til bústaðar?

Sv.: Líklega ekki. Anda-heimurinn getur vel verið nærri oss, og vera má, að íbúar hans geti farið úr einum stað í annan eptir því, sem skylda eða geðþekni býður.

22. Sp.: Hafa andar mynd eða líkama?

Sv.: Líklega; en samt þeirrar tegundar, sem vjer vitum lítið eða ekkert um, enn sem komið er.

23. Sp.: Hvers vegna vitum vjer það ekki?

Sv.: Þekkingin sprettur af reynslunni, og hingað til höfum vjer ekki haft neina reynslu, sem gæti frætt oss um þessa hluti.

24. Sp.: Hvað gera þessar andlegu verur?

Sv.: Læra og lifa sínu lífi, eins og vjer gerum hjer. Getur líka verið, að þær þjóni, leiði og hjálpi oss á marga vegu, þó vjer eigi sjáum þær.

25. Sp.: Ættum vjer þá að kvíða fyrir að deyja?

Sv.: Nei, eptir að vjer höfum numið það, sem jörðin sjálf getur kennt oss, ættum vjer að búast við, að vjer munum fara áfram og upp á við til þessa æðra lífs.

26. Sp.: Hverja munum vjer þar finna?

Sv.: Alla hina miklu og gófugu menn allra liðinna alda. Líka vora eigin ástvini, sem farnir eru.

27. Sp.: Daudinn er þá ekki merki um reiði guðs við oss?

S v.: Nei. Hann er ein af gjöfum guðs til barna sinna.

28. Sp.: Höfum vjer þá ekkert að óttast við dauðann?

S v.: Einungis þær eðlilegu afleiðingar af breytni vorri, rjett eins og hjer.

29. Sp.: Mun sumum líða betur en öðrum, þegar þeir deyja?

S v.: Já. Deim líður bezt, sem bezt hafa lífað hjer.

30. Sp.: Hvernig stendur á því?

S v.: Allt að einu eins og það gengur bezt fyrir þeim pilti eða stúlku, sem bezt er undir búin, þegar hvort um sig gengur út í lífið.

31. Sp.: Hvert er þá aðal mark og mið mannsins?

S v.: Að læra að lífa rjettu lífern, því þar undir er komin heill mannsins í þessum heimi og öllum heimun.

BÓKASKRÁ

(yfir bækur, sem fróðlegt er að lesa).

TRÚFRÆÐI.

- SPENCER'S* „Principles of Sociology”, Vol. I.
MAX MULLER'S „Origin and Growth of Religion”.
CLARKER'S „Manual of Unitarian Belief”.
PARKER'S „Discourse of Religion”.

GUD.

- FISKE'S* „The Idea of God”.
MULLER'S „Origin and Growth of Religion”.
SAVAGE'S „Belief in God”.

MADURINN.

FISKE'S „The Destiny of man”.
LUBBOCK'S „Antiquity of Man”,
HITTELS „History of Culture”.

BIBLIAN.

SUNDERLAND'S „What is the Bible?”
DAVIDSON'S „Introduction”.
SAVAGE'S „Beliefs about the Bible”.

JESÚS.

CHADWICK'S „The Man Jesus”.
RENAN'S „Life of Jesus”.
STRAUSS'S „New Life of Jesus”.
GANNETT'S „The Childhood of Jesus”.

KYRKJAN.

ALLEN'S „Christian History”
HALES „Orthodoxy and Heresy”.
——„The Evolution of Christianity”.

SÁLUHJÁLÞ.

CHANNING'S „Perfect Life”.
EMERSON'S „Conduct of Life”.

DJÖFULLINN.

CONWAY'S „Demonology and Devil-lore”.
DORMAN'S „Origin of Primitive Superstitions”.

SKYLDAN.

SPENCER'S „Data of Ethics”.
LECKY'S „History of European Morals”.
SMILES'S Works.
DOLE'S „The Citizen and the Neighbor”.

DAUÐI OG ANNAÐ LÍF.

ALGER'S „History of the Doctrine of a Future Life”.
FISKE'S „Unseen World”.

Amfjötur B. Olsen

1970

1970

